

aði til, gat stefnandi ekki búist við, að hún gildi, eftir að þeir kranamennirnir báðir höfðu forfallast. Eftir framburði Stefáns Björnssonar og málflutningi stefnanda var stefnanda boðin vinna við kranann samkvæmt þeirri vinnutilhögun, sem gildi samkvæmt almennu samningunum, og verður að telja, að stefndi hafi á þann veg mátt uppfylla skyldur sínar gagnvart stefnanda. Hins vegar reyndi aldrei á, hvort þeir gátu efnt það loforð, þar sem stefnandi hafnaði því og hvarf af vinnustaðnum að svo búnu eftir að hafa sent bréfið á dskj. 4. Af þessu leiðir, að fallast verður á það með stefnda, að stefnanda hafi ekki verið sagt upp störfum, heldur hafi hann sjálfur horfið á braut. Þer því þegar af þessum ástæðum að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Rétt þykir með tilliti til málavaxta, að hvor aðilja beri sinn kostnað af málinu.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Energoprojekt, skal sýkn af kröfum stefnanda, Árna Jónssonar, í máli þessu.

Hvor aðilja skal bera sinn kostnað af máli þessu.

Föstudaginn 30. mars 1979.

Nr. 16/1977. **Fradis Ltd.**

(Hafsteinn Sigurðsson hrl.)

gegn

Jóni Eggertssyni f. h. Netanausts

(Garðar Garðarsson hdl.).

Samningar. Lausafjárkaup.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Magnús P. Torfason.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 2. febrúar 1977. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér „sterlingspund 5.268.00 með 2% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði af £ 11.290.00 frá 1/9 1974 til 1/11 1974, frá þeim degi af £ 20.850.00 til 31/12 1974, frá þeim degi af £ 32.140.00 til 21/1 1976, frá þeim degi af £ 22.628.00 til 5/5 1976 og frá þeim degi af £ 5.268.00 til 20/11 1976, þá 2.5% dráttarvexti af £ 5.268.00 frá þeim degi til 1/8 1977 og 3% dráttarvexti á mánuði eða broti úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags, vörugeymslukostnað kr. 180.954.00, auk 16% ársvaxta af kr. 70.954.00 frá 21/1 1976 til 5/5 1976 og sömu vexti frá þeim degi af kr. 180.954.00 til greiðsludags svo og yfirfærslukostnað Landsbanka Íslands af upphæð samsvarandi £ 32.140.00 auk vaxtaupphæðar og málskostnaðar skv. mati Hæstaréttar fyrir báðum dómum.“

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ný gögn.

I.

Eins og greinir í hinum áfrýjaða dómi, fóru fram viðræður í mars 1974 milli stefnda og sölumanns umboðs- og heildverslunar Péturs O. Nikulássonar um kaup á netum frá út-löndum. Sölumaður umboðs- og heildverslunarinnar, sem ræddi við stefnda, kveður hann hafa talað um „að fá“ 5000 net. Pétur O. Nikulásson stórkaupmaður kveður sér hafa þótt „pöntun Jóns á 5000 netum vera óeðlilega stór og hafi hann því ekki viljað samþykkja stærri pöntun en um 3000 net.“ Umboðs- og heildverslunin sendi síðan áfrýjanda eða systurfyrirtæki hans þrjár pantanir vegna stefnda, 1000 net í hverri pöntun. Er fyrsta pöntunin dagsett 5. apríl 1974, en hinar 3. maí 1974. Af hálfu umboðs- og heildverslunarinnar er því haldið fram, að hún hafi sent stefnda afrit af pöntun-unum, en stefndi hefur neitað, að hann hafi fengið þau.

Áfrýjandi sendi umboðs- og heildversluninni staðfestingar (sales note confirmations) á öllum þrem pöntununum. Eru þær dagsettar 25. apríl, 22. maí og 23. maí 1974. Afrit

af öllum pöntununum og staðfestingunum hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Staðfestingarnar tilgreina verð, greiðsluskilmála og afgreiðslutíma varanna. Þær eru undirritaðar af áfrýjanda sem seljanda, og form þeirra gerir ráð fyrir undirritun stefnda sam kaupanda. Umboðs- og heildverslunin framsendi stefnda staðfestingar áfrýjanda í tvíriti, þá fyrstu 13. maí og hinar 28. maí 1974, að því er ráðið verður af póststimplum á umslögum, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt. Fylgdi þeim orðsending, þar sem stefndi var beðinn að endursenda umboðs- og heildversluninni annað eintak staðfestinganna undirritað og afla bankaábyrgðar fyrir greiðslu, en form til þess höfðu einnig fylgt orðsendingunum. Stefndi viðurkennir, að hann hafi fengið staðfestingar þessar ásamt fylgiskjöllum, en eigi samþykkti hann þær né endursendi, og ekki virðist hann hafa reynt að afla bankaábyrgðar þeirrar, sem beðið var um.

II.

Af hálfu áfrýjanda er því haldið fram í málinu, svo sem áður er sagt, að í viðræðum sölumanns umboðs- og heildverslunar Péturs O. Nikulássonar og stefnda hafi hinum síðarnefnda verið gefið upp verð á þeim netum, sem hann hugðist kaupa. Hafi hann beðið um, að þau yrðu pöntuð fyrir sig. Það hafi verið gert og áfrýjandi síðan samþykkt þá pöntun með hinum svonefndu staðfestingarbréfum sínum. Stefnda hafi því verið skylt að leysa netin til sín.

Ekki verður talið sannað gegn eindregnum andmælum stefnda, að hann hafi í áðurnefndum viðræðum við sölumanninn eða síðar gert bindandi pöntun á þeim netum, sem málið fjallar um. Hefur þessi málsástæða því ekki við rök að styðjast. Þá er það einnig ósannað, að stefnda hafi verið send og hann fengið í hendur samrit þeirra pöntunarseðla, sem umboðs- og heildverslunin sendi áfrýjanda hans vegna. Verður þegar af þeirri ástæðu ekki heldur á það fallist, sem einnig hefur verið hreyft af hendi áfrýjanda, að stefndi hafi orðið bundinn við umræddar pantanir vegna tómlætis síns um að bera fram mótmæli vegna þeirra.

Þá bendir áfrýjandi enn fremur á það kröfum sínum til stuðnings, að stefndi hafi engin mótmæli haft uppi, er honum bærust um hendur umboðs- og heildverslunar Péturs O. Nikulássonar hinar svonefndu staðfestingar áfrýjanda, þær sem áður er getið og dagsettar eru í maí 1976. Hafi það verið fyrst í októbermánuði sem stefndi hafi hreyft því, að hann teldi sig ekki hafa pantað margnefnd net. Hafi stefnda einnig af þessari ástæðu orðið skylt að leysa netin til sín.

Orðsendingar þær, sem fylgdu umræddum staðfestingarbréfum til stefnda, frá umboðs- og heildverslun Péturs O. Nikulássonar voru ekki skilmerkilegar. Af þessum svonefndu staðfestingum einum sér mátti stefndi ekki ráða það til hlítar, að áfrýjandi liti svo á, að bindandi kaup hefðu verið gerð um netin, enda voru skjöl þessi þannig að gerð, að í þeim var gagngert ráð fyrir því gert, að stefndi ritaði á þau samþykki sitt sem kaupandi. Verða kröfur áfrýjanda ekki heldur teknar til greina á þessum grundvelli.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 300.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Fradis Ltd., greiði stefnda, Jóni Eggertssyni f. h. Netanausts, 300.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Keflavíkur 12. desember 1976.

Mál þetta, sem þingfest var þann 18. júní 1975 og dómtekið þann 25. nóvember sl. að loknum munnlegum málflutningi, hefur Hafsteinn Sigurðsson hæstaréttarlögmaður höfðað f. h. Fradis Ltd., Manchester, Englandi, fyrir sjó- og verslunardómi Keflavíkur með stefnu, birtri 12. júní 1975, gegn Jóni Eggertssyni, Hringbraut 100, Keflavík, f. h. einkafyrirtækis hans, Netanausts í Keflavík, til greiðslu á £32.140.00 með 2% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða byrjaðan mánuð af £11.290.00 frá 1. september 1974 til 1. nóvember s. á., af £20.850.00 frá þeim degi til

31. desember 1974, en af £32.140.00 frá þeim degi til greiðsludags, svo og málskostnaði skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands auk alls kostnaðar við yfirfærslu tildæmdra fjárhæða til stefnanda í Englandi.

Undir rekstri málsins lækkaði stefnandi kröfur sínar þannig, að krafist er £5.268.00 með 2% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði, af £11.290.00 frá 1. september 1974 til 1. nóvember s. á., af £20.850.00 frá þeim degi til 31. desember 1974, af £32.140.00 frá þeim degi til 21. janúar 1976, af £22.628.00 frá þeim degi til 5. maí s. á., en af £5.268.00 frá þeim degi til greiðsludags, kr. 180.954 í vörugelymslukostnað með 16% ársvöxtum af kr. 70.954 frá 21. janúar 1976 til 5. maí s. á., en af kr. 180.954 frá þeim degi til greiðsludags, svo og yfirfærslukostnaðar Landsbanka Íslands af upphæð samsvarandi £32.140.00 auk vaxtaupphæðar og málskostnaðar skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands af hinni lækkuðu dómkröfu.

Stefndi hefur krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar eftir reikningi.

Leitað hefur verið sátta með málsaðiljum, án árangurs.

II.

Stefnandi skýrir frá málavöxtum í stefnu og greinargerð á þá leið, að stefndi hafi eftir mörg samtöl við sölumenn hjá heildverslun Péturs O. Nikulássonar, sem annaðist milligöngu um viðskipti þau, sem í máli þessu er um deilt, gert pöntun á 1000 ufsanetum, auðkennda nr. 0576 og dagsetta 5. apríl 1974, og pöntun á 2000 þorskanetum nr. 0643 og 0644, sem dagsettar eru 3. maí 1974, frá stefnanda. Skýrir stefnandi svo frá, að starfsmenn heildverslunar Péturs O. Nikulássonar hafi gefið stefnda upp verð á umræddum netum og að stefndi hafi upphaflega óskað eftir 5000 netum, en þar sem ekki var unnt að afgreiða það magn, hafi orðið að samkomulagi, að pöntuð voru 3000 net. Pantanir þessar voru sendar til stefnanda, og voru afrit þessara pantana send stefnda. Segir stefnandi, að staðfestingar á pöntunum hafi verið sendar heildverslun Péturs O. Nikulássonar og að afrit þeirra hafi verið send stefnda og hafi verið rætt við stefnda um opnun bankaábyrgðar fyrir greiðslum skömmu síðar og hafi stefndi lofað að ganga í málið. Segir stefnandi, að stefndi hafi tjáð umboðsmönnum sínum, að hann ætti von á lánum að fjárhæð kr. 5.000.000 og þau mundu auðvelda honum greiðslur.

Skýrir stefnandi svo frá, að engin mótmæli eða athugasemdir

hafi komið frá stefnda um pantanir þessar, en í októbermánuði 1974 hafi sölumenn frá heildverslun Péturs O. Nikulássonar verið á ferð í Keflavík ásamt sölustjóra stefnanda og hitt stefnda að máli og hafi þá komið fram, að stefndi teldi sig óbundinn af pöntunum þeim, sem áður er greint frá, þar sem hann hefði ekki opnað bankaábyrgð. Segir stefnandi, að komið hafi þá fram hjá stefnda, að lánsmöguleikar hans hefðu breyst og hann ætti ekki von á nema um kr. 1.500.000 að láni.

Hin umdeildu net komu til landsins í þrennu lagi, í ágúst, október og desember 1974, og segir stefnandi, að tilkynningar um komu þeirra hafi verið sendar stefnda. Kemur fram af hálfu stefnanda, að net þessi hafi verið sérpöntuð fyrir íslenskan markað, þannig að aðeins sé unnt að selja þau hér á landi. Segir stefnandi, að stefndi hafi, er svo var komið, óskað eftir, að pantanirnar yrðu settar í smærri einingar til að auðvelda greiðslur, en það hafi ekki verið unnt að skipta þeim, en á hinn bóginn hafi sölumenn heildverslunar Péturs O. Nikulássonar boðist til að hjálpa stefnda að selja netin, sem þá höfðu lækkað í verði. Segir stefnandi, að stefndi hafi lofað að reyna að leysa málið, en ekki hafi orðið úr því og eftir árangurslausar innheimtutilraunir hafi mál þetta verið höfðað til greiðslu á andvirði netanna.

Eftir að til málssóknar þessarar kom, munu sölumenn heildverslunar Péturs O. Nikulássonar hafa reynt að selja fyrrgreind net, en ekki báru tilraunir þeirra árangur fyrr en í janúar á þessu ári, er netin seldust samtals á £26.872.00, og er hin lækk- aða stefnukrafa mismunur á því verði, sem stefnandi krafði stefnda um í upphafi, og verði því, sem netin seldust fyrir að lokum, eða £5.268.00. Stefnandi bauð stefnda netin til kaups á lækk- uðu verði, en ekki vildi stefndi þiggja það boð, og er því stefnu- krafan, eins og hún nú stendur, fyrrgreindur mismunur á upphaf- legu kaupverði og söluverði netanna auk vaxta og áfallins kostn- aðar.

Í greinargerð sinni skýrir stefndi frá málavöxtum á þá leið, að á vertíð 1974 hafi hann átt von á láni að fjárhæð kr. 5.000.000 og hafi hann meðal annars hugleitt að kaupa net fyrir lán þetta til þess að eiga birgðir til endursölu. Hafi hann þá haft samband við sölumann hjá Kristjáni G. Gíslasyni h/f og hafi þá orðið úr, að fyrirtækið leitaði verðtilboðs fyrir stefnda með svonefndri „prufupöntun“, en stefndi kveður það vera fólgið í því, að send sé áskorun um að gera verðtilboð miðað við ákveðið magn af vöru. Hafi hann innan skamms fengið nákvæmt tilboð, sem ein-

ungis þarfnaðist staðfestingar hans, til þess að samningur hefði komist á, en þar sem hann staðfesti ekki tilboðið, féll málið niður.

Um sama leyti og fyrrgreind „prufupöntun“ var gerð hjá áðurnefndu fyrirtæki, hafi sölumaður heildverslunar Péturs O. Nikulássonar haft samband við stefnda og hafi stefndi skýrt honum frá hugleiðingum sínum. Segir stefndi, að þar sem hann vildi fá samanburð á verði, hafi áðurnefndur sölumaður boðist til að gera „prufupöntun“ hjá stefnanda og hafi hann tjáð stefnda, að sömu reglur giltu hjá umbjóðanda sínum um „prufupantanir“ eins og hjá Kristjáni G. Gíslasyni h/f, það er, að ekki verði talið, að bindandi samningur hafi komist á, fyrr en kaupandi staðfestir pöntun af sinni hálfu og opnar bankaábyrgð.

Telur stefndi, að þeir aðilar, sem sáu um framvindu „prufupöntunar“ sinnar, hafi talið, að um fullgilda pöntun hafi verið að ræða, þrátt fyrir að áðurnefndur sölumaður heildverslunar Péturs O. Nikulássonar hafi sagst ætla að gera „prufupöntun“. Stefndi segir, að þá hafi komið fram, að umrætt fyrirtæki gæti tekið að sér að selja netin, ef stefndi vildi ekki fá þau, þegar til kæmi, ef hann pantaði netin, en ekki kveðst stefndi hafa viljað panta þau þrátt fyrir tilboð þetta.

Í maímánuði 1974 barst stefnda bréf frá heildverslun Péturs O. Nikulássonar, þar sem honum voru sendar upplýsingar um verð og afgreiðslutíma vörunnar, og voru þau gögn í sama formi og gögn þau, sem hann fékk frá Kristjáni G. Gíslasyni h/f og áður hefur verið greint frá. Fylgdu með tilmæli frá heildverslun Péturs O. Nikulássonar um, að stefndi ætti að undirrita pöntunina til samþykkis og opna bankaábyrgð sem fyrst. Stefndi kveður sig hafa verið afhuga umræddum viðskiptum, er málið var svo komið, og hafi hann því hvorki staðfest pöntunina né opnað bankaábyrgðir og þannig talið sig óbundinn vera. Segir stefndi, að hringt hafi verið til sín frá heildverslun Péturs O. Nikulássonar og hann beðinn um að ganga frá málinu af sinni hálfu, en hann hafi tjáð viðmælanda sínum, að hann væri afhuga að gera pöntunina.

Stefndi skýrir svo frá, að það næsta, sem hann fékk vitneskju af í máli þessu, hafi verið í október 1974, er sölumenn frá heildverslun Péturs O. Nikulássonar komu til sín ásamt sölustjóra stefnanda og hafi þeir skýrt svo frá, að „pantanir“ hans væru á leið til landsins. Kveður hann sig hafa orðið þrumulostinn og skýrt þeim svo frá, að hann hefði enga pöntun gert, enda hafi hann hvorki staðfest pantanir né opnað bankaábyrgð, en hann

hafi í greiðaskyni boðist til að hjálpa til við að selja netin, en með því hafi hann ekki verið að staðfesta þessar pantanir, enda hafi það, að hans sögn, aldrei staðið til.

III.

Í máli þessu hefur verið lögð fram yfirlýsing tveggja starfsmanna heildverslunar Péturs O. Nikulássonar, þingmerkt nr. 9, en þeir eru Erlingur Sigurðsson sölumaður og Sigurður Jónsson skrifstofustjóri.

Í yfirlýsingu þessari er skýrt svo frá, að Erlingur Sigurðsson hafi oft haft samband við stefnda í mars 1974 og hafi stefndi að lokum pantað hjá honum 1000 ufsanet og 2000 þorskanet. Segist Erlingur hafa gefið stefnda upp nákvæmt verð ufsanetanna og nokkuð nákvæmt verð þorskanetanna, þegar stefndi gerði pöntun sína. Skýrir hann svo frá, að pantanir þessar hafi verið sendar utan til stefnanda, Fradis Ltd., og hafi söluskilmálar verið opnun bankaábyrgðar, eins og venja er, þegar nýir viðskiptavinir panta varning, en fram til þessa hefði stefndi, Netanaust, aðeins átt takmörkuð viðskipti við heildverslun Péturs O. Nikulássonar. Kemur fram í yfirlýsingunni, að staðfesting hafi borist frá stefnanda og að stefnda hafi verið sent afrit hennar og að skömmu síðar hafi Erlingur átt símtal við stefnda varðandi opnun bankaábyrgðar og hafi stefndi ætlað að ganga í málið fljótlega.

Er tekið fram í umræddri yfirlýsingu, að venja sé, að vörur séu sendar hingað til lands frá stefnanda, án þess að bankaábyrgð hafi enn verið opnuð, þar sem reynslan hafi sýnt, að ekki standi á ábyrgðum, þegar varan sé komin til landsins, og sé þetta gert kaupanda til hagræðis, því gjöld af bankaábyrgðum reiknist frá opnun þeirra, og með því að bíða með opnun þeirra spari kaupandi nokkur útgjöld.

Síðan segir orðrétt í umræddri yfirlýsingu:

„Þann 22. október 1974 fórum við undirritaðir til Keflavíkur til að hitta viðskiptavini okkar þar, m. a. Jón Eggertsson vegna NETANAUSTS. Með okkur var sölustjóri Fradis Ltd., Mr. Kirby. Jón Eggertsson var ekki í fyrirtæki sínu, svo við fórum heim til hans. Þáðum við kaffiveitingar hjá Jóni, sem var einn heima.

Inntum við Jón Eggertsson eftir greiðslum og bankaábyrgðum. Tjáði Jón okkur þá, að lán þau, er hann hafði átt von á að fá, ca. kr. 5 milljónir, hefðu brugðist og myndi hann í hæsta lagi fá 1.5 milljónir og skapaði þetta honum mikil vandræði, sem

yrðu þess valdandi, að hann gæti ekki greitt pantanirnar, eins og fyrirhugað hafði verið.

Gerðum við Jóni grein fyrir því, að þar sem netin væru sérpöntuð fyrir Ísland og staðhætti þar, framleidd í Kóreu, sem hefði sent þau til Evrópu fyrir löngu, þýddi það, að þau væru óseljanleg erlendis.

Pegar hér var komið umræðum, lét Jón Eggertsson í ljós þá skoðun sína, að hann hefði ekki átt von á að vera skuldbundinn, þar sem hann hefði ekki verið búinn að opna bankaábyrgðir fyrir netunum og ekki gert sér grein fyrir, að pantanir væru farnar af stað eða um það bil að koma til landsins.

Þessi afstaða og skilningur Jóns Eggertssonar kom okkur á óvart, og létum við þá skoðun okkar í ljós við Jón, að hann hefði sérpantað netin, fengið staðfestingar á pöntununum í tvígang, vörurnar þar að auki framleiddar í Kóreu og sendar þaðan til Evrópu og á leiðinni hingað og því væri ekki aftur snúið héðan af. Pantanirnar væru því algerlega skuldbindandi fyrir hann. Spurði Jón Eggertsson, hvort ekki væri unnt að skipta pöntunum í smærri einingar, þ. e. að hann tæki og greiddi þær í minni skömmtum. Töldum við, að það yrði nokkrum vandkvæðum bundið. Tekið skal fram, að Jón Eggertsson var búinn að fá tilkynningar frá Eimskip um vöruna, a. m. k. fyrstu sendinguna.

Endaði samtal okkar við Jón Eggertsson þannig, að Jón sagðist mundu reyna að leysa málið, þrátt fyrir að lánin, sem hann hafði átt von á, hefðu brugðist.

Hins vegar kom okkur saman um að hjálpa Jóni við að selja það af netunum, sem hægt væri, sem því miður ekki tókst vegna hins breytta ástands hjá útgerðinni á Íslandi almennt.“

IV.

Fyrir dóminn kom sem vitni Sigurður Jónsson, skrifstofustjóri hjá heildverslun Péturs O. Nikulássonar. Staðfesti hann fyrir dómi yfirlýsingu þá, sem um er getið hér að framan.

Vitnið kvaðst ekki hafa haft samband við stefnda fyrr en þann 22. október 1974, er það fór til Keflavíkur ásamt Erlingi Sigurðssyni og sölustjóra stefnanda. Skýrði vitnið svo frá, að umræður við stefnda hafi aðallega gengið út á það að fá fram hjá stefnda, hvernig hann hygðist greiða hina pöntuðu vöru. Hefði stefndi þá skýrt þeim frá örðugleikum, sem komið hefðu upp varðandi lánsmöguleika hans. Skýrði vitnið frá því, að í umræðunum hefði „meðal annars komið fram sú skoðun stefnda,

eða spurning, hvort hann væri bundinn við kaup þessi.“ Segir vitnið, að stefnda hafi verið gerð grein fyrir því, að svo væri, enda orðið um seinan að hreyfa mótmælum við.

Aðspurt um það, hvernig pantanir væru gerðar á netum frá stefnanda hjá heildverslun Péturs O. Nikulássonar, skýrði vitnið svo frá, að þegar sölumaður og kaupandi hafi komið sér saman um, að kaupandi kaupi ákveðna vöru, þá sé gerð pöntun í nafni kaupanda og frumrit hennar sent stefnanda, eitt eintak sent kaupanda, en fyrirtækið haldi eftir einu eintaki. Eintak kaupanda kvað vitnið ekki vera sent í ábyrgðarbréfi. Sagði vitnið, að kaupendur skrifi aldrei undir vörupantanir hjá fyrirtækinu og að tilvik þetta væri hið fyrsta á 10 ára starfsferli þess, þar sem kaupandi telji sig ekki hafa pantað vöru, sem pöntuð hafi verið í nafni hans.

Vitnið sagði, að er það fór frá stefnda í umrætt sinn, hafi það álitnið, að stefndi gæti ekki leyst vöruna til sín, en ekki, að stefndi teldi sig ekki hafa pantað vöruna.

Þá kom fyrir dóminn sem vitni Erlingur Sigurðsson, sölumaður hjá heildverslun Péturs O. Nikulássonar. Skýrði vitnið svo frá, að það hefði haft samband við stefnda og boðið honum net til sölu og hafi stefndi beðið um verð á ufsa- og þorskanetum, en ekki kvaðst vitnið muna, hvaða verð það gaf stefnda upp. Sagði vitnið, að stefndi hefði rætt um 5000 net, en endirinn hefði orðið sá, að pöntuð væru 3000 net. Sagði vitnið, að af sinni hálfu hefði það talið, að hér hafi verið um pöntun að ræða.

Vitnið skýrði svo frá, að það hefði komið greinilega fram, þegar það heimsótti stefnda í október 1974 ásamt Sigurði Jónssyni og sölustjóra stefnanda, að stefndi hafi ekki búið við, að varan væri komin til landsins, þar eð hann hefði ekki opnað bankaábyrgð. Einnig hefði stefndi sagt, að hann hefði engar tilkynningar fengið um pöntun á vörunni eða staðfestingar á pöntun og hafi stefndi ekkert virst vita um vöruna. Vitnið sagðist hafa álitnið, að stefndi hefði trúlega haldið, að hér væri um „prufupöntun“ að ræða.

Vitnið kvaðst telja, að stefndi hefði jafnvel haldið, að pöntunin færi ekki af stað fyrr en bankaábyrgð væri opnuð. Sagði það, að algengt væri hjá heildverslun Péturs O. Nikulássonar, að pöntun væri send, án þess að bankaábyrgð væri áður opnuð. Kom einnig fram í vitnisburðinum, að vitnið teldi stefnda ófróðan um viðskipti á þessu sviði.

Aðspurt kvaðst vitnið hafa talið, að stefndi hefði gert bind-

andi pöntun. Vitnið sagðist þó hafa sagt stefnda, þegar hann pantaði vöruna, að heildverslun Péturs O. Nikulássonar mundi selja netin fyrir hann, ef hægt væri, ef svo kynni að fara, að stefndi vildi ekki taka við vörunni, er til kæmi, en stefndi væri þó eftir sem áður ábyrgur fyrir greiðslu.

Vitnið kvaðst telja, að hér væri um stóra pöntun að ræða og það hefði litið á stefnda sem nýjan viðskiptavin á þessu sviði. Sagði það, að matsatriði væri hverju sinni, hvort viðskiptavinir ættu að opna bankaábyrgð, áður en pantanir væru sendar.

Stefndi í máli þessu, Jón Eggertsson, skýrði svo frá fyrir dómi, að hann hefði á árunum 1970 til 1974 selt net í umboðs-sölu fyrir Kristján G. Gíslason h/f, en síðan hafi hann farið að huga að því að flytja sjálfur inn net til sölu. Hafi hann í því sambandi kannað, hvernig unnt væri að standa að slíkum viðskiptum hjá Kristjáni G. Gíslasyni h/f og heildverslun Péturs O. Nikulássonar, og minnti hann, að hann hefði rætt við Erling Sigurðsson hjá hinu síðarnefnda fyrirtæki. Sagðist hann hafa beðið um nákvæmt verðtilboð miðað við ákveðna netategund og taldi sig hafa beðið um, að tilboðið yrði miðað við 5000 net hjá hvoru fyrirtæki. Kvaðst hann hafa fengið tilboð frá báðum fyrirtækjunum.

Stefndi kvaðst ekki minnast þess að hafa fengið afrit af pöntun heildverslunar Péturs O. Nikulássonar til stefnanda, og sagði hann, að sér hefði verið ókunnugt um, að umrædd net hefðu verið pöntuð, þar til sölumaður stefnanda og starfsmenn heildverslunar Péturs O. Nikulássonar komu til Keflavíkur þann 22. október 1974. Sagði stefndi, að sér hefði komið mjög á óvart, að netin væru á leið til landsins, þar sem hann taldi sig aldrei hafa samþykkt pöntun fyrir fyrirtæki sitt. Sagði hann, að sölumaður hjá heildverslun Péturs O. Nikulássonar hefði talað um, að opna þyrfti bankaábyrgð og samþykkja pöntun, áður en varan yrði send til landsins.

Stefndi skýrði svo frá, að eftir að honum barst bréf frá heildverslun Péturs O. Nikulássonar, sem lagt hefur verið fram í málinu og þingmerkt nr. 14, hefði hann haft símasamband við Erling Sigurðsson og sagt honum, að hann væri afhuga viðskiptunum og hann mundi ekki undirrita skjölin. En í bréfi þessu var hann beðinn um að endursenda til fyrirtækisins annað eintak meðfylgjandi pöntunarstaðfestingar frá stefnanda undirritað, og einnig var þar beðið um, að opnuð yrði bankaábyrgð. Kvaðst hann einnig hafa talað við Pétur O. Nikulásson um sama efni, en

ekki kvaðst hann hafa átt í bréfaskriftum við Pétur um þetta efni. Kvaðst stefndi hafa tilkynnt sölumanni hjá Kristjáni G. Gíslasyni h/f á sama hátt, að hann hefði ekki áhuga á viðskiptum þeim, sem fyrirtækið bauð sér í kjölfar fyrirspurnar hans, sem áður er um getið.

Stefndi kvaðst hafa orðið afhuga að flytja sjálfur inn net vegna minnkandi umsvifa á því sviði, en skertir lánsmöguleikar hans hjá Iðnlánasjóði hefðu engin áhrif haft á þá ákvörðun hans.

Sagði stefndi, að komið hefði fram í samtali við Erling Sigurðsson, að ef hann pantaði net, en óskaði ekki eftir því að taka við þeim, er til kæmi, þá mundi heildverslun Péturs O. Nikulássonar selja netin fyrir hann, en ekki hefði hann pantað netin þrátt fyrir þetta tilboð.

Kvaðst stefndi hafa boðist til að aðstoða heildverslun Péturs O. Nikulássonar við að selja netin, þegar starfsmenn fyrirtækisins og sölustjóri stefnanda hittu hann að máli í október 1974, en ekki hefði honum fundist hann vera skyldugur til að taka við netunum sjálfur. Sagði hann, að sér hefði verið boðið við þetta tilefni, að netin yrðu afgreidd í smærri einingum, en ekki kvaðst hann hafa haft áhuga á því.

Fyrir dóminn hefur einnig komið sem vitni Pétur O. Nikulásson stórkaupmaður. Skýrði vitnið svo frá, að þegar pöntuð væru þorskanet hjá fyrirtæki sínu, væri ekki unnt að gera svokallaða „prufupöntun“, þar sem netin væru ekki pöntuð beint frá framleiðanda, heldur væru þau pöntuð í gegnum stefnanda í máli þessu, sem opnaði ábyrgð gagnvart framleiðanda, þegar hann hefði fengið pöntunina í sínar hendur.

Vitnið sagði, að pöntun sú, sem Netanaust er talið hafa gert hjá fyrirtæki hans, hefði að öllu leyti farið um hendur Erlings Sigurðssonar. Kvaðst vitnið fyrst hafa rætt við stefnda síðast í október eða í nóvemberbyrjun 1974 og hafi það þá boðið honum að skipta pöntuninni í smærri einingar og auk þess boðið afslátt frá upphaflegu kaupverði, en stefndi hafi ekkert viljað um málið ræða og sagst enga pöntun hafa gert.

Vitnið kvaðst alltaf reyna að afla skriflegra staðfestinga kaupanda á pantanir, en ekki gangi vel að afla þeirra. Aðspurt sagði vitnið, að alltaf væri beðið um, að bankaábyrgð yrði opnuð strax. Vitnið sagði, að engin föst venja ríkti hjá fyrirtæki sínu um skilyrði þess, að pöntun væri gerð fyrir viðskiptavinum, heldur væri metið í hverju einstöku tilfelli, hversu formleg pöntun þyrfti að vera. Vitnið kvaðst þó alltaf reyna að taka sem minnsta

áhættu fyrir umbjóðendur sína, þegar pantað væri fyrir viðskiptavinum.

V.

Stefnandi, Fradis Ltd., byggir kröfur sínar á hendur stefnda, Jóni Eggertssyni vegna Netanausts, á því, að stefndi hafi í mars 1974 gert bindandi pöntun á 1000 ufsanetum og 2000 þorskanetum. Upphaflegt kaupverð netanna var £32.140.00, en í janúar og mars á þessu ári tókst heildverslun Péturs O. Nikulássonar að selja netin fyrir jafngildi £26.872.00, og er endanleg kröfugerð stefnanda á þá leið, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér mismuninn á upphaflegu kaupverði og söluverði, eða £5.268.00 ásamt vöxtum og öðrum kostnaði. Áður en umrædd sala á netunum fór fram, var stefnda boðið að kaupa netin á því verði, sem fékkst síðar fyrir þau, eins og fram kemur á dskj. nr. 11, en stefndi hafnaði því boði.

Rökstyður stefnandi kröfur sínar með því, að eftir að stefndi gerði pöntun á umræddum netum, hafi honum verið sent afrit af pöntun til stefnanda, afrit af staðfestingu stefnanda á pöntuninni og enn fremur tilkynningu frá H/f Eimskipafélagi Íslands um, að varan væri komin til landsins, án þess að hreyfa neinum athugasemdum við. Hafi stefnda verið kunnugt, þá þegar er hann pantaði vöruna, að ekki væri um „prufupöntun“ að ræða.

Stefnandi hefur getið þess, að þó svo að stefndi hafi ekki undirritað afrit pöntunar til staðfestingar eða opnað bankaábyrgð, þá sé pöntunin bindandi fyrir hann, enda tíðkist varla, að kaupendur staðfesti pantanir skriflega og kaupendum sé gert það í hag að þurfa ekki að opna bankaábyrgð fyrr en að afhendingu vörunnar kemur, þar sem kostnaður vegna bankaábyrgðar reiknist frá þeim tíma, þegar hún er opnuð. Stefnandi hefur einnig full- yrt, að stefndi hafi lofað að opna bankaábyrgð í samtölum við starfsmenn heildverslunar Péturs O. Nikulássonar, fljótlega eftir að hann gerði pöntunina.

Stefnandi hefur lagt fram í málinu frumreikninga fyrir hin umdeildu net ásamt farmskírteinum, þingmerkt nr. 6 til 8. Einnig hefur hann lagt fram dskj. nr. 17 og 18, yfirlýsingu frá heildverslun Péturs O. Nikulássonar um, að fyrirtækið hafi ráðstafað netunum til annarra kaupenda, ásamt fylgiskjöllum varðandi kröfu hans um greiðslu á farmgjaldi og geymslukostnaði af sendingunum. Einnig hefur verið lögð fram í málinu yfirlýsing frá Pétri O. Nikulássyni, þingmerkt nr. 20, um viðskiptaháttu fyrir-

tækis síns, þegar pöntuð eru net frá stefnanda. Er yfirlýsing þessi í samræmi við framburð Péturs O. Nikulássonar fyrir dómi, sem áður hefur verið rakinn. Fylgir með yfirlýsingunni handskrifaður listi frá Erlingi Sigurðssyni yfir pantanir, sem gerðar voru hjá fyrirtækinu á netum, um það leyti sem hin umdeilda pöntun var gerð fyrir stefnda í máli þessu, og er sú pöntun þar tilgreind, en sú skýring fylgir, að listar af þessu tagi séu alltaf gerðir hjá fyrirtækinu.

Stefndi í máli þessu rökstyður sýknukröfu sína með því, að hann hafi aldrei pantað net hjá stefnanda, heldur hafi hann einungis leitað verðtilboða frá honum. Lítur stefndi svo á, að bréf stefnanda til sín, sem lagt hefur verið fram í málinu og þingmerkt nr. 14, sé einungis tilboð um sölu á ákveðnu magni neta á ákveðnu verði og það beri greinilega með sér, að ætlast sé til þess, að það sé samþykkt bréflega með undirskrift kaupanda á tilboðinu og það síðan sent stefnanda og fyrst þá sé kominn á bindandi samningur. Bendir stefndi á, að hann hafi aldrei gengið þannig frá tilboðinu, og verði því að telja, að hann hafi hafnað því. Stefndi kveðst telja, að venja sé í viðskiptum á þessu sviði, að bindandi samningur teljist ekki vera kominn á, fyrr en tilboð af þessu tagi hafi verið samþykkt skriflega, og hefur hann þessu til stuðnings lagt fram í dskj. nr. 13 tilboð frá Kristjáni G. Gíslasyni h/f, sem hann leitaði eftir, eins og áður hefur verið um getið, og er það efnislega samhljóða bréfi stefnanda til stefnda á dskj. nr. 14. Stefndi kveður tilboð Kristjáns G. Gíslasonar h/f hafa fallið niður, þar sem hann samþykkti það ekki. Einnig hefur stefndi lagt fram í málinu yfirlýsingar frá Kristjáni G. Gíslasyni h/f, Marco h/f og Kristjáni Ó. Skagfjörð h/f, þingmerktar nr. 21 til 23, um fyrirkomulag fyrirtækjanna á pöntun neta fyrir viðskiptavini sína. Yfirlýsingar þessar eru efnislega samhljóða að því leyti, að fyrirtækin sendi pöntun utan til fyrirtækja, sem annast sölu neta, og senda hin erlendu fyrirtæki síðan staðfestingar á pöntunum, sem kaupendur verða að undirrita, til þess að samningur teljist vera kominn á. Í yfirlýsingunum frá Marco h/f og Kristjáni Ó. Skagfjörð h/f kemur einnig fram, að ekki teljist samningur vera kominn á, fyrr en kaupandi opnar bankaábyrgð.

Einnig lætur stefndi þess getið, að stefnandi hafi sent stefnda tilboð sitt til staðfestingar í lok aprílmánaðar 1974 og að þá hafi verið beðið um, að bankaábyrgð yrði opnuð, en stefndi telur, að beiðni þessi ætti ekki að hafa komið fram, ef söluskilmálar væru

þeir, að bankaábyrgð ætti fyrst að opna, þegar varan væri komin til landsins. Bendi þetta til þess, að stefnandi hafi viljað fá bankaábyrgð opna, áður en hann teldi stefnda hafa gert skuldbindandi pöntun.

Þá telur stefndi einnig, að umboðsmönnum stefnanda hafi mátt vera það ljóst, að hann væri fákunnandi um viðskipti á þessu sviði, og hafi þeir gengið þannig frá málunum, að bindandi samningur hafi komist á milli hans og stefnanda, þá sé samningur honum óskuldbindandi með tilvísun til 32. gr. laga nr. 7 frá 1936.

VI.

Stefndi reisir, svo sem fyrr greinir, sýknukröfu sína meðal annars á því, að í viðskiptum af því tagi, sem í máli þessu er um deilt, gildi viðskiptavenja þess efnis, að skuldbindandi samningur teljist ekki vera kominn á með aðiljum, fyrr en pöntun hefur verið staðfest skriflega af kaupanda. Með tilvísun til 1. gr. samningalaga nr. 7 frá 1936 gildi því ekki hinar frávíkjanlegu reglur I. kafla þeirra laga, heldur hin meinta viðskiptavenja, sem gerir ríkari kröfur til samningsgerðar heldur en lögin áskilja.

Með framlögðum yfirlýsingum á dskj. nr. 21 til 23 frá Kristjáni G. Gíslasyni h/f, Marco h/f og Kristjáni Skagfjörð h/f, sem áður hefur verið fjallað um, hefur stefndi leitast við að sýna fram á, að venja sé fyrir hendi um það, að samningur á þessu sviði sé ekki kominn á, fyrr en pöntun hefur verið staðfest skriflega af kaupanda.

Rétturinn lítur svo á, að til þess, að hin meinta venja hafi verkanir þær, sem stefndi telur hana hafa, verði hún m. a. að uppfylla þau skilyrði, að eftir henni hafi verið farið við framkvæmd um nokkurn tíma og tilvist hennar sé alkunn. Á dskj. nr. 21 til 23 kemur fram, að venja þessi gildi í viðskiptum þargreindra viðskiptaaðila, en stefnandi máls þessa hefur borið brögður að því, að venja þessi sé algild, og verður því með tilvísan til 121. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85 frá 1936 að líta svo á, að stefnda beri að sanna tilvist hinnar meintu venju. Ekki getur rétturinn fallist á, að stefnda lánist sú sönnun með hinum framlögðu yfirlýsingum á dskj. nr. 21 til 23, og telur rétturinn, að skoða beri umræddar yfirlýsingar sem lýsingu á viðskiptaháttum þar greindra fyrirtækja og hafi viðskiptahættir þessir ekki áunnið sér þá festu, sem þarf að vera fyrir hendi,

til þess að þeir geti þokað ákvæðum I. kafla samningalaga til hliðar. Verður því skv. framansögðu að telja, að ákvæði I. kafla samningalaga hafi gildi, þegar skorið er úr því, hvort samningur hefur komist á milli aðilja máls þessa.

Stefnandi máls þessa staðhæfir, að bindandi samningur hafi komist á með aðiljum málsins um kaup á hinum umdeildu netum. Andstætt þessu hefur stefndi haldið því fram, að hann hafi ekki gert skuldbindandi samning við stefnanda, heldur hafi hann aðeins hvatt stefnanda til þess að gera sér tilboð og þar sem hann sinni ekki tilboði þessu, hafi samningur ekki komist á. Ekki lítur rétturinn svo á, að sannað sé í máli þessu, hvorki með framlögðum gögnum né framburði vitna, að samningur hafi komist á samkvæmt almennum reglum um samþykki tilboðs. Hins vegar telur rétturinn, að skoða beri háttsemi stefnda á þá lund, að hann hafi hvatt stefnanda til að gera sér tilboð með þeim afleiðingum, að stefnanda hafi verið rétt með hliðsjón af 9. gr. laga nr. 7 frá 1936 að líta á aðgerðarleysi stefnda gagnvart tilboðinu sem samþykki hans á því að öðru óbreyttu.

Stefndi hefur meðal annars rökstutt sýknukröfu sína með því, að ef rétturinn teldi, að skuldbindandi samningur hafi komist á milli aðilja málsins, þá geti stefnandi með tilvísun til 32. gr. laga nr. 7 frá 1936 ekki borið þann samning fyrir sig.

Í máli þessu hefur komið fram, að umboðsmanni stefnanda, heildverslun Péturs O. Nikulássonar, hafi verið fullkunnugt um, að stefndi hafi verið ófróður um viðskipti á þessu sviði. Einnig hefur komið fram, að umboðsmanni stefnanda sé kunnugt um þann viðskiptahátt margra annarra umboðsmanna netaframleiðenda að gera svonefnda „prufupöntun“ fyrir viðskiptavinum sína, sem ekki verður talin bindandi, fyrr en hún hefur verið staðfest skriflega af viðskiptavininum. Að auki hefur komið fram, að umboðsmanni stefnanda hafi verið kunnugt, að stefndi hafi ekki, áður en samningaumleitanir þær, sem í máli þessu er um deilt, hófust, átt viðskipti á umræddu sviði í jafnstórum stíl og raun ber vitni í máli þessu. Verður því að telja með tilvísun til framangreindra atriða, að ótvíræð skylda hafi hvílt á umboðsmanni stefnanda sem viðskiptafróðum aðilja að gera stefnda berlega grein fyrir, að aðrir hættir væru hafðir á viðskiptum við sig en við aðra viðskiptaaðilja á þessu sviði. Þá hefur einnig komið fram í framburði vitnisins Erlings Sigurðssonar, að vitnið hafi tjáð stefnda, að ef stefndi pantaði net, en vildi ekki taka við þeim, þegar þau kæmu til landsins, þá gæti heildverslun Péturs

O. Nikulássonar selt netin fyrir hann. Telja verður, að þessi afstaða umboðsmanns stefnanda hafi enn frekar orðið til þess að villa stefnda sýn um skuldbindingargildi aðgerða sinna. Telur rétturinn, að með því að gera stefnda sem óviðskiptafróðum aðilja ekki nægilega grein fyrir skuldbindingargildi athafna sinna á sviði, þar sem lítil festa ríkir um almenna viðskiptahætti, og með því að hafa villt stefnda sýn með upplýsingum, sem reyndust ekki eiga við rök að styðjast, hafi umboðsmaður stefnanda gert það að verkum, að stefndi gat ekki gert þær ráðstafanir, sem aðstæður kröfðust, til að fyrirbyggja, að skuldbindandi samningur kæmist á milli sín og stefnanda. Með vísan til þessa telur rétturinn, að umboðsmaður stefnanda hafi með tilvísun til 32. gr. laga nr. 7 frá 1936 fyrirgert rétti stefnanda til að bera fyrir sig samning sinn við stefnda, og ber því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Rétt þykir með hliðsjón af niðurstöðu málsins og með tilliti til 178. gr. laga nr. 85 frá 1936, að stefnandi greiði stefnda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 250.000.

Fulltrúi bæjarfógetans í Keflavík, Sveinn Sigurkarlsson, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Zakaríasi Hjartarsyni og Andreasi Færseth.

Dómsorð:

Stefndi, Jón Eggertsson vegna einkafyrirtækis síns, Netausts, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Fradis Ltd.

Stefnandi, Fradis Ltd., greiði stefnda, Jóni Eggertssyni, kr. 250.000 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.